



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

**Upprisa og eftirlíf.**

*Hvernig nýtast þessar kenningar í sálægæslu við aldraða?*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Jóhanna Erla Birgisdóttir**

**September 2011**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Guðfræði**

## **Upprisa og eftirlíf.**

*Hvernig nýtast þessar kenningar í sálgæslu við aldraða?*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Jóhanna Erla Birgisdóttir**

**Kt.: 260563-5139**

**Leiðbeinandi: Séra Sigfinnur Þorleifsson**

**September 2011**

## Útdráttur.

Ritgerð þessi er til BA-prófs í Guðfræði og trúarbragðafræðideild, frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar er dauðinn, upprisan og eftirlífið og það hvernig þessar kenningar kirkjunnar henta til sálgæslu við aldraða.

Byrjað er á að skoða löndin í kringum Ísrael þar sem kristnin á upptök sín, afstöðu þeirra til dauðans og eftirlífsins og þau áhrif sem þessar skoðanir höfðu á kristna hugmyndafræði. Þáll postuli er skoðaður sérstaklega og 1. Korintubríf en þar koma fyrst fram ritaðar hugmyndir um upprisu og eftirlíf. Viðtöl voru tekin við fjóra aldraða einstaklinga og þeir fengnir til að greina frá trúarlífi sínu og afstöðu sinni til dauðans, upprisu og eftirlífs. Skoðaðar voru líkræður fjögurra presta af mismunandi kynslóðum og lesið í mikilvægi upprisunnar og eftirlífsins til huggunar í ræðunum. Loks er fjallað um aldraða, almennt, út frá trúarlífi, viðhorfi til dauðans og sálgæslu.

**Formáli.**

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem veittu mér hjálp við gerð þessarar ritgerðar. Séra Sigfinni Þorleifssyni, leiðbeinandanum mínum, þakka ég alla hjálpinu og vinnuna sem hann lagði á sig. Viðmælendum mínum fjórum þakka ég fyrir að veita mér aðgang að þeirra dýpstu hugsunum og vangaveltum. Prestunum tveimur, sem voru svo vænir að senda mér ræður og veita mér leyfi til að notast við efni úr þeim í ritgerðinni, þakka ég sömuleiðis. Ættingjum og vinum þakka ég ómælda þolinmæði og biðst forláts á öllum þeim skiptum þar sem samræður snerust upp í vangaveltur um dauðann, upprisu og eftirlíf. Starfsmannafélagi Norðurorku og Hilmari og Lilju þakka ég afnot af sumarbústöðum sem gerðu mér kleyft að skrifa þessa ritgerð í næði og frið. Síðast en ekki síst þakka ég börnunum mínum þremur fyrir ómælda hvatningu til dáða og honum Einari mínum fyrir alla þolinmæðina og stuðninginn. Þessi ritgerð er tileinkuð föður mínum, séra Birgi Snæbjörnssyni, sem lést árið 2008.

<b>Efnisyfirlit.</b>	
<b>Inngangur.....</b>	<b>6</b>
<b>1. Upprisa og eftirlíf.....</b>	<b>8</b>
1.a) Frá fornu fari.....	8
1.b) Páll og upprisan, 1. Korintubréf.....	12
1.c) Guðspjöllin og kirkjufeðurnir.....	13
<b>2.Viðtölin.....</b>	<b>14</b>
<b>3.Upprisa og eftirlíf í líkræðum presta.....</b>	<b>16</b>
<b>4.Sálgæsla í tengslum við aldraða.....</b>	<b>22</b>
4.a) Trúarlíf aldraðra.....	22
4.b) Viðhorf til dauðans.....	24
4.c) Sálgæsla við aldraða.....	27
<b>Niðurstaða/Lokaorð.....</b>	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>32</b>

## **Inngangur.**

Þegar ég hóf nám við Guðfræðideildina 2006 má segja að ég hafi á vissan hátt verið í leit að svörum. Ég var nýbúin að missa maka og langaði að vita hvaða svör kirkjan hefði í sambandi við lífið, dauðann, upprisuna og eftirlífið. Þegar kom að því að velja mér ritgerðarefni var þetta efni mér enn ofarlega í huga. Mig langaði að skoða þessar kenningar kirkjunnar og hvaða svör hún veitir þeim sem eiga um sárt að binda og standa jafnvel sjálfir frammi fyrir dauðanum.

Ég ákvað að skrifa um efnið út frá sálgæslu við aldraða, þar sem sá hópur gengur í gegnum ákveðna erfiðleika eftir því sem árunum fjölgar. Margskonar missir gerir það að verkum að oft finnst hinum aldraða einstaklingi hann vera afskiptur og líf hans tilgangslaust. Þetta geta verið hlutir eins og að hætta að vinna, missir nákominna ættingja og vina, þverrandi kraftar og heilsa og aukin nálgun við dauðann. Hversu miklu máli skiptir trúarlíf einstaklinginn í viðleitni hans til að takast á við þessa hluti í lífinu? Hversu mikla uppörvun og huggun veitir kirkjan og kenningar hennar um upprisuna og eftirlíf, einstaklingi sem er uggandi um afdrif sín og ættingja sem farnir eru á undan yfir móðuna miklu? Hversu mikla þýðingu hafa kenningarnar þegar kemur að sálgæslu við aldraða? Í ritgerðinni leita ég svara við þessum spurningum.

Ritgerðin skiptist niður í fjóra megin kafla sem síðan skiptast niður í undirkafla. Í kafla 1 er farið yfir söguna. Skoðuð eru löndin í kringum Ísrael þar sem kristnin á upptök sín. Farið er yfir helstu skoðanir hvernar þjóðar í sambandi við dauða og eftirlíf og skoðað hvort þessar kenningar hafi haft áhrif á kenningar kristinnar trúar. Þáll postuli er skoðaður sérstaklega en í 1. Korintubréfi koma fyrst fram ritaðar heimildir um upprisuna og eftirlíf. Í örstuttu máli er síðan rakin umfjöllun kirkjuféðranna og kirkjunnar í gegnum aldirnar.

Kafla 2 byggir á viðtölum sem ég tók við fjóra aldraða einstaklinga, tvær konur og tvo karlmenn. Viðtölin byggði ég á fimm spurningum: Segðu mér frá trúarlegu uppeldi þínu? Telur þú þig trúaðan einstakling? Hefur trú þín tekið breytingum á lífsleiðinni og orsakaðist það af einhverjum tilteknum atburði? Hvaða hugmyndir um upprisuna og eftirlíf hefur þú? Finnst þér hugmyndir þínar um upprisuna og eftirlíf hjálpa þér til að takast á við dauðann? Með þessu vonaðist ég til að fá fram skoðanir einstaklingsins um upprisuna og eftirlíf og að hve miklu leyti trúin veitir styrk í afstöðunni til dauðans.

Kafli 3 byggir síðan á líkræðum fjögurra presta af mismunandi kynslóðum. Tveir eru látnir en hinir tveir voru svo elskulegir að senda mér ræður og gáfu mér leyfi til að nota þær í ritgerðinni. Tilgangurinn var að ná fram á hvern hátt kirkjan fjallar um dauðann, upprisuna og eftirlífið þegar kemur að huggun við syrgjendur. Er þetta mismunandi eftir prestum og hefur þetta breyst eitthvað í aldanna rás?

Kafli 4 fjallar síðan um hinn aldraða einstakling. Í fyrsta lagi er trúarlíf hans skoðað, afstaða hans til dauðans og loks sálgæsla við aldraða.

„Þegar vér yfirgefum þennan efnisheim og ný skynfæri lúkast upp, kann það að verða oss lofsöngsefni, að vér uppgötvum, að vér höfum aldrei verið látnir einir, aldrei verið yfirgefni, þessi þrautafullu jarðlífsár. Krafturinn af hæðum er enn til og fyrirheit föðurins nær til vor allra.“<sup>1</sup>

## 1. Upprisa og eftirlíf.

### 1.a) Frá fornu fari.

Óttinn við dauðann og umhyggja fyrir látnum ástvinum og afdrifum þeirra hefur löngum vakið upp spurningar er varða það hvað taki við eftir andlát. William Shakespeare, hið fræga skáld, talaði um dauðann og eftirlífið sem hið ókannaða land, hvaðan enginn maður fær aftur snúið.<sup>2</sup>

Svo hugleikið hefur efnið verið mönnum að flest, ef ekki öll, menningarsamfélög sögunnar hafa búið yfir einhverskonar trú á líf eftir dauðann.<sup>3</sup> Þetta á við um þjóðirnar í kringum Ísrael, þar sem kristnin á upptök sín og ekki ólíklegt að þangað hafi kristnir menn sótt efnivið til að móta sínar eigin skoðanir.<sup>4</sup>

### Egyptar.

Segja má að Egyptar til forna hafi verið mjög uppteknir af lífi eftir dauðann. Þess bera vott grafarsíðir þeirra eins og að grafa muni af ýmsum toga með hinum látna með það fyrir augum að aðstoða hann við að takast á við líf á nýjum slóðum.<sup>5</sup> Sömuleiðis það að búa líkið út sem múmíu táknað umbreytingu á líkamanum og undirbúning fyrir hið nýja líf. Vonir um eftirlíf má glögg sjá á myndum í grafhýsum.<sup>6</sup> Fyrst í stað voru það Faraóarnir sem voru í guðatölu og þar með eilífir. Þeir voru grafnir í píramídum sem teygðu sig í átt til himins til að auðvelda þeim förina þangað svo þeir gætu sameinast guðunum. Smám saman færðust þessir síðir svo yfir á almenning og venjulegt fólk varð þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast von um líf eftir dauðann.<sup>7</sup>

<sup>1</sup> Haraldur Níelsson, *Það er yfir oss vakað* 1999, s. 119.

<sup>2</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 2.

<sup>3</sup> Segal, 2004, s. 18.

<sup>4</sup> Segal, 2004, s. 699.

<sup>5</sup> Segal, 2004, s. 27.

<sup>6</sup> Segal, 2004, s. 36.

<sup>7</sup> Segal, 2004, s. 700.



### **Mesópótamía.**

Hér gætti ekki jafn mikillar bjartsýni og í Egyptalandi. Æðsta takmarkið var að öðlast guðdómlega visku en manningum var ekki mögulegt að verða ódauðlegur í sinni upprunalegu mynd. Dauðinn var hlutskipti allra og mannsins beið skuggatilvera í undirheimum þar sem hann reikaði um án tilgangs. Gamlar sagnir eins og Gilgameskviða greina frá miklum hetjum sem lögðu allt á sig til að öðlast eilíft líf en án árangurs. Eftirlifandi fjölskylda hins látna var ábyrg fyrir útfararsíðum þar sem lögð var áhersla á að minnast hins látna sem hetju.

Svipaðar skoðanir um dauða og eftirlíf voru uppi í löndum Kanaaníta.<sup>8</sup>

### **Ísraelsmenn á dögum fyrra musterisins.**

Rit Gamlatestamentisins láta ekki mikið uppi þegar kemur að hugmyndum um dauða og eftirlíf. Þetta þýðir þó ekki að slíkar hugmyndir hafi ekki verið til á ritunartíma þeirra. Það litla sem finna má bendir þvert á móti til þess að hugmyndafræðin hafi verið á svipuðum nótum og hjá Kanaanítum.

Líklegt er að þeir ritstjórar sem komu að því að velja hvaða rit myndu lifa af hafi verið þeirrar skoðunar að þessar kenningar Kanaaníta samræmdust ekki trúarskoðunum Ísraelsmanna. Kanaanítar voru jú hjáguðadýrkendur og því ósiðsamir að þeirra mati.<sup>9</sup>

### **Persar.**

Í útleigðinni í Babýlon (597-539 f.Kr.) komust Ísraelsmenn í kynni við trúarbrögð á staðnum sem svipaði um margt til trúarbragða Kanaaníta. Eftir að Persar ná síðan að vinna sigur á Babýlóníumönnum var Ísraelsmönnum gert kleift að snúa aftur heim undir yfirráðum Persa sem stjórnuðu landinu með hjálp nýrrar elítu eða prestanna.<sup>10</sup> Þrátt fyrir tilraunir til að viðhalda sínum eigin trúarbrögðum var ekki hjá því komist að verða fyrir áhrifum frá Persum m.a. hvað varðaði hugmyndir um dauða og eftirlíf.

Persnesku trúarbrögðin eða Zoroanismi, með Zaráþústra sem þungamiðju, einkenndist um margt af dúalisma eða tvíhyggju. Bardagi milli guðsins og góðra afla versus illra afla, þar sem hið góða ber sigur að lokum. Apokalyptískum ritum

---

<sup>8</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 701.

<sup>9</sup> Segal, 2004, s. 701

<sup>10</sup> Segal, 2004, s. 173.

Gyðingdóms og kristni svipar um margt til þessara hefða.<sup>11</sup> Samfélög sem eru útsett fyrir utanaðkomandi ógn eiga sér von um bjartara og betra líf í samneyti við guðinn sinn að bardaga loknum í nýjum himni og á nýrri jörð. Hinn upprisni líkami er á einhvern hátt nýr líkami sem samræmist að vissu leiti skoðunum Páls í 1. Korintubrési.<sup>12</sup>

### **Grikkir.**

Grikkir virðast ekki hafa hugsað neitt sérstaklega mikið um eftirlíf. Það eru helst launhelgarnar sem boðuðu einhverskonar gleðilega endurfæðingu. Annars trúðu menn því að við dauðann færu menn til undirheima þar sem guðinn Hades réð ríkjum. Þessir undirheimar voru drungalegur staður. Lífið var á jörðinni hér og nú og þess bar að njóta.<sup>13</sup> Dauðinn átti sér sinn tíma og það var til réttur máti að deyja á.<sup>14</sup> Menn trúðu þó á endurfundi við látna ástvini í Hades.<sup>15</sup> Dauðinn var mýstísk persóna sem ýmist var sýndur sem kærleiksríkur eða illur og með hjarta úr bronsi. Sömuleiðis var ferjumaðurinn Karon mýstísk persóna en hann ferjaði látna yfir ána Styx á leið þeirra til Hades.<sup>16</sup>

Það sem einkenndi grísk trúarbrögð var fjölbreytileiki og ekki voru allir jafn sannfærðir um einhverskonar líf eftir dauðann eins og Epikúrear sem trúðu því að aðeins eitt efni væri til í heiminum og því væri maðurinn ekki samansettur úr líkama og sál heldur einu efni og dauðinn væri því endanlegur.<sup>17</sup>

Margar frásagnir í grískum sögum greina frá töframönnum sem gátu yfirgefið líkamann í lifanda lífi og ferðast til himneskra staða.<sup>18</sup> Grikkir áttu því auðvelt með að trúa því að við dauðann gæti maðurinn yfirgefið líkama sinn og ferðast til nýrra heimkynna.<sup>19</sup>

Það er heimspekingurinn Plató sem á fimmtu öld á heiðurinn af skilgreiningunni milli sálar og líkama. Það sem hann hafði til málanna að leggja var

---

<sup>11</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 180.

<sup>12</sup> Segal, 2004, s. 181.

<sup>13</sup> Garland, *The Greek Way of Death* 1985, s. 122.

<sup>14</sup> Garland, 1985, s. 123.

<sup>15</sup> Garland, 1985, s. 66.

<sup>16</sup> Garland, 1985, s. 56.

<sup>17</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 220.

<sup>18</sup> Segal, 2004, s. 205.

<sup>19</sup> Segal, 2004, s. 207.

að sálin hefði sjálfstæða hugsun og gæti því lifað af í viðjum líkamans og að honum látnum. Sálin var hinn eiginlegi maður.<sup>20</sup> Þrátt fyrir að standa öllum til boða var kenningin þó því marki brennd að einungis með hámarksþekkingu væri hægt að ná æðstu markmiðum. Til þess þurfti mikla menntun og ástundun hóglífis að hætti heimspeki Plató.<sup>21</sup>

Það var trú manna að sálin liti út eins og viðkomandi leit út í lifanda lífi og útfararsíðir voru með því sniði að auðvelda sálinni ferðalagið á áfangastað.<sup>22</sup> Hvort sálin endurspegladi útlit manna fyrir dauðann eða á dánarstundu greindi menn á um og dauðar sálir gátu hvorki talað né hlegið.<sup>23</sup> Þegar bornar eru saman sálir lifenda og dauðra kemur í ljós að dauðra manna sálir eru lítið annað en skugginn af sjálfum sér og vantar þá eiginleika sem gera menn lifandi.<sup>24</sup>

### **Seinna musteristímabilið og Gyðingdómur.**

Skoðanir Gyðinga á dauða og eftirlífi tóku miklum breytingum við að komast í kynni við bæði Persa og Grikki. Persarnir með sinn átrúnað trúðu á líkamlega upprisu og yndislegt eftirlíf. Grikkirnir á hinn bóginn voru sannfærðir um að sálin væri eilíf. Þessar hefðir voru teknar inn í Gyðingdóm og aðlagðar að eingyðingsátrúnaðinum.<sup>25</sup>

Apokalyptísk hugmyndafræði frá þessum tíma virðist alemnt gera ráð fyrir að líkaminn taki efnislegum breytingum við dauðann. Einhver af þessum ritum gera þó ráð fyrir að líkaminn heili sjálfan sig og rísi þannig upp. Þetta á sérstaklega við ef viðkomandi hafði verið pyntaður eða honum misþyrmt á einn eða annan hátt af harðstjórum þannig að líkaminn var limlestur. Þessi hugmyndafræði byggði á því að hinn réttláti væri ofsóttur af yfirvöldum og þar með, með harðstjórn, var komið í veg fyrir langlífi það sem álitin var blessun í Ritningunni. Þetta sóttu fylgismenn Jesú í eftir að hann var líflátinn.<sup>26</sup> Jesús var hinn krossfesti og upprisni Messías, Guðs sonur, sem fljótlega myndi koma til að dæma syndara og færa fylgismönnum sínum eilíft líf.<sup>27</sup>

---

<sup>20</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 224.

<sup>21</sup> Segal, 2004, s. 230.

<sup>22</sup> Bremmer, *The Early Greek Concept of the Soul* 1987, s. 73.

<sup>23</sup> Bremmer, 1987, s. 85.

<sup>24</sup> Bremmer, 1987, s. 124.

<sup>25</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 702.

<sup>26</sup> Segal, 2004, s. 703.

<sup>27</sup> Segal, 2004, s. 396.

## 1.b) Páll og upprisan, 1. Korintubríf.

Það er Páll sem fyrstur kemur fram með hugmyndir um upprisuna í fyrra KorintubrEFI, kafla 15. Erfitt er að dagsetja bréfið nákvæmlega en líklega er það ritað frá borginni Efesus í kringum árið 54 e.Kr. og er bréfið því ritað áður en guðspjöllin verða til.<sup>28</sup>

Í fyrra bréfi sínu til Korintumanna er Páll að bregðast við álitamálum sem komið hafa upp innan safnaðarins. Ljóst er að ekki ríkir einhugur um mikilvæg málefni og Páll bendir þeim á hið rétta.<sup>29</sup> Þetta er söfnuður sem Páll stofnaði til þegar hann dvaldi í Korintu og það veldur honum hugarangri að ekki eru allir tilbúnir til að fylgja kenningum hans.<sup>30</sup>

Hin forna gríska borg Korinta var eyðilögð af Rómverjum árið 146 f.Kr. en endurbyggð af Júlíusi Cesar árið 44 e.Kr. Borgin var byggð upp samkvæmt rómverskum hefðum og hof tileinkuð hinum ýmsu guðum voru áberandi í borgarmyndinni og átrúnaðurinn þeim tengdum fastur liður í daglegu lífi fólks.<sup>31</sup> Það voru aðallega fyrrum þrælar sem fengið höfðu frelsi sem Cesar flutti til borgarinnar til að stofnsetja hana ásamt uppgjafa rómverskum hermönnum.<sup>32</sup> Staðsetning borgarinnar sem hafnarborgar gerði það að verkum að hún varð miðpunktur siglinga og verslunar og um götur hennar og borgarhlið streymdi fólk af öllum stéttum og þjóðernum. Sömuleiðis gerði ástand mála í samfélaginu það að verkum að fólk sóttist eftir því að flytja til borgarinnar í von um að geta séð sjálfum sér og fjölskyldu sinni fyrir lifibrauði. Landareignir og auður var á höndum fárra útvalinna og mikill hluti þjóðarinnar bjó við eða undir fátækramörkum.<sup>33</sup> Í borginni ægði því saman ýmsum tungumálum og trúarbrögðum og engan skildi undra þó upp kæmu skoðanaskipti innan hóps eins og hins kristna safnaðar sem var þverskurður af samfélaginu.<sup>34</sup>

Hverjir það voru innan safnaðarins sem ekki voru á sama máli og Páll þegar kom að upprisuskilningi er ein af stóru spurningunum innan Nýjatestamentisfræðanna. Trú þeirra getur ekki hafa verið svo veik að þeir tryðu ekki á upprisuna. Líklegra er að þessi hópur manna tilheyri fólkinu sem Páll talar um víðar

---

<sup>28</sup> Thiselton, *The First Epistle to the Corinthians; A Commentary on the Greek Text* 2000, s. 30.

<sup>29</sup> Koester, *History and Literature of Early Christianity* 2000, s. 127.

<sup>30</sup> Koester, 2000, s. 114.

<sup>31</sup> Horsley, *Christian Origins* 2005, s. 117.

<sup>32</sup> Horsley, 2005, s. 120.

<sup>33</sup> Horsley, 2005, s. 118.

<sup>34</sup> Horsley, 2005, s. 119.

í bréfinu sem hóp er taldi sig búa yfir meiri þekkingu en aðrir í söfnuðinum.<sup>35</sup> Hafi þetta verið raunin hefur þessi hópur manna verið sannfærður um að þá þegar hefðu þeir meðtekið fagnaðarerindi Krists sem væri hin æðsta þekking og því gæti dauðinn ekki grandað þeim. Upprisan hefði þegar farið fram.<sup>36</sup>

En hvað er það sem Páll segir um upprisuna í kafla 15 í bréfinu? Í kommentar sínum *The First Epistle to the Corinthians* hefur Thiselton eftir Karl Barth að kafla 15 í bréfinu sé þungamiðja þess. Hér opinberast það að fyrir náð Guðs, hina æðstu gjöf hans, öðlast maðurinn eilíft líf. Maðurinn getur samsamað sig Kristi og dauða hans. Hann hefur sömuleiðis eftir Jurgen Moltmann að þessi guðfræði krossins sé undirstaða hins kristna átrúnaðar. Eins og Kristur reis upp frá dauðum svo mun einnig maðurinn rísa upp.<sup>37</sup>

Í kaflanum má finna einn af fallegu huggunartextunum sem prestum standa til boða að flytja við moldun og er úrdráttur úr versum 42-44 „Sáð er dauðlegu, en upp rís ódauðlegt. Sáð er í veikleika, en upp rís í styrkleika. Sáð er jarðneskum líkama, en upp rís andlegur líkami.”<sup>38</sup>

Það sem Páll kemur fram með hér, í fyrsta sinn í sögunni, er umbreyting úr takmörkuðu, líkamlegu ástandi á jörðu yfir í yfirnáttúrulegt, guðdómlegt ástand.<sup>39</sup> Breyting úr dauðlegu ástandi yfir í ódauðlegt ástand. Með kenningum sínum auðnaðist honum að samræma apokalyptískar hefðir Gyðinga við skoðanir heiðingja og það á kristnum grunni. Þarna var komið fram eitthvað sem allir áttu að geta sætt sig við og sameinast um. Við það að taka trú og umbreytast þar með í kristna einstaklinga öðluðust menn rétt til eilífs lífs.<sup>40</sup>

### 1.c) Guðspjöllin og kirkjuféðurnir.

Á meðan Páll talar um að við upprisuna rísi upp andlegur líkami eru guðspjöllin sjálf ekki á sama máli. Með því að leggja áherslu á tómu gröfina gera þau því skóna að um

---

<sup>35</sup> Koester, *History and Literature of Early Christianity* 2000, s. 130.

<sup>36</sup> Koester, 2000, s. 131.

<sup>37</sup> Thiselton, *The First Epistle to the Corinthians; a Commentary on the Greek Text* 2000, s. 1169.

<sup>38</sup> *Handbók íslensku kirkjunnar* 1981, s. 146.

<sup>39</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 440.

<sup>40</sup> Segal, 2004, s. 438.

einhverskonar líkamlega upprisu hafi verið að ræða. Með þessu vildu þau leggja áherslu á hve Jesú Kristur var einstakur.<sup>41</sup>

Þetta atriði átti eftir að vefjast fyrir kirkjuféðrunum sem mótuðu kirkjuna og skoðanir hennar á eftir Páli. Sökum þess hve upprisukeningin hafði mikið trúarlegt vægi voru þeir einhuga um að hún hefði átt sér stað en nákvæmlega hvernig var annað mál. Í fyrstu var þeim þó ekki umhugað um að skilgreina hana nánar en aðkallandi ógn af hendi yfirvalda og ólíkum straumum og stefnum í samfélaginu gerðu það að verkum að finna þurfti tæmandi skýringu á því hvað nákvæmlega átti sér stað.<sup>42</sup> Ekki voru menn þó sammála og var ágreiningur milli austurs og vesturs. Kirkjuféður eins og Ignatius og Tertullianus héldu fram kenningum um líkamlega upprisu á meðan Clement af Alexandríu og Origenes héldu því fram að upprisan væri á andlegum nótum. Ágústínus fylgdi Origenesi hvað þetta varðar.<sup>43</sup> Þessi skoðanaskipti fylgdu kirkjunni áfram og höfðu meðal annars áhrif á það hvort líkbrennslur bæri að leyfa eða ekki.<sup>44</sup>

## 2. Viðtölin.

Ég tók viðtöl við fjóra aldraða einstaklinga með það fyrir augum að kynnast trúarlífi þeirra og afstöðu þeirra til upprisu og eftirlífs. Viðtölin byggði ég á eftirfarandi fimm spurningum:

1. Segðu mér frá trúarlegu uppeldi þínu?
2. Telur þú þig trúaðan einstakling?
3. Hefur trú þín tekið breytingum á lífsleiðinni og orsakaðist það af einhverjum tilteknum atburði?
4. Hvaða hugmyndir um upprisu og eftirlíf hefur þú?
5. Finnst þér hugmyndir þínar um upprisu og eftirlíf hjálpa þér til að takast á við dauðann?

Viðmælendur mínir voru A kona fædd 1928 í litlu þorpi á landsbyggðinni, B kona fædd 1928 í bæ á landsbyggðinni, C maður fæddur 1931 í bæ á landsbyggðinni og D maður fæddur í sveit úti á landi.

---

<sup>41</sup> Segal, *Life after Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West* 2004, s. 441.

<sup>42</sup> Segal, 2004, s. 533.

<sup>43</sup> Segal, 2004, s. 571.

<sup>44</sup> Segal, 2004, s. 570.

Það var greinilegt að konurnar áttu auðveldara með að ræða þessi mál og höfðu mótað sér ákveðnar skoðanir á upprisu og eftirlífi. Karlarnir virtust hins vegar tregari til að ræða opinskátt um efnið og sögðust báðir lítið hafa velt þessum hlutum fyrir sér. Þegar gengið var á þá komu þó fram skoðanir sem þeir höfðu myndað sér.

Spurning 1: Það er ljóst að konurnar báðar alast upp við meiri trúarlega ástundun en karlarnir. Önnur sótti messur reglulega með móður sinni sem oft gegndi stöðu organista við kirkju en hin sækir samkomur Hjálpræðishersins með afa sínum sem var officer í hernum. Báðum voru kenndar bænir heima og A segir að þau systkinin hafi alltaf verið signd eftir það, þegar þau voru færð í hrein föt. Mæður karlmanna kenndu þeim Faðir vorið en ekki var mikið lagt upp úr trúrækni í daglegu lífi á heimilum þeirra. Hvort þetta hefur áhrif á það hversu auðvelt konurnar áttu með að tjá sig um trúarleg málefni á meðan meira þurfti til að fá karlmennina til að opna sig um sama efni er erfitt að átta sig á. Eins getur það spilað inn í að konurnar hafa báðar misst maka sinn en karlmennirnir ekki og ekki er ólíklegt að það hafi fengið þær til að hugsa meira um upprisu og eftirlíf. Ef til vill endurspeglar þetta bara mun á kynjunum, þ.e. að karlmenn séu feimnari við að tjá sig um svo persónuleg mál.

Spurning 2. Öll fjögur telja þau sig trúaða einstaklinga.

Spurning 3. Viðmælandi A telur ekki að trú sín hafi tekið breytingum á lífsleiðinni. Hún nefnir þó efan sem stundum hefur gert vart við sig við það að upplifa eitthvað sem eins og hún segir „henni hefur fundist óréttlátt“. Hún hefur þó alltaf náð að yfirvinna þessar efasemdir sínar og haldið sinni barnatrú. Viðmælandi B nefnir það að trú hennar hafi aukist með aldrinum. Hún telur fólk hafa meiri þörf fyrir trúna eftir því sem aldurinn færir yfir. Viðmælandi C segir trú sína hafa breyst mikið við það að ganga í Frímúrararegluna um þrítugsaldur. Þá hafi hann farið að velta þessum hlutum mikið fyrir sér. Hann segir giftingu og barneignir líka hafa skipt máli. Einnig segist hann leita meira til Guðs eftir því sem árunum fjölgar. Viðmælandi D telur trú sína ekki hafa breyst. Hann byggir enn á sinni barnatrú og hefur starfað mikið innan kirkjunnar. Aðrar trúarskoðanir hafa ekki höfðað til hans. Eins og hann segir: „grasið er ekki grænna hinum megin við lækinn“.

Spurning 4. Viðmælandi A trúir ekki á líkamlega upprisu. Nefnir hún það að þegar hún heimsækir kirkjugarða finnst henni enginn vera þar. Hún finnur fyrir nærveru látins maka sem lést fyrir fáum árum síðan. Hún hefur nýverið lesið bókina Sumarlandið en er ekki alveg viss um hvort að hún trúi því að hlutirnir séu

nákvæmlega eins og þar er lýst. Viðmælandi B er fullviss um að sálin yfirgefi líkamann og fari eins og hún segir „upp til Guðs” sem tekur á móti manni. Viðmælandi C er með dálítið aðra túlkun en hinir þrír. Hann trúir því að Guð hafi kveikt í honum lífsneista sem við andlátið sameinist almættinu. Líkamlega upprisu trúir hann ekki á. Telur hana einungis hluta af sögunni. Viðmælandi D virðist dálítið hollur undir spíritisma. Hann segist hafa fengið sannanir fyrir því að eitthvað taki við eftir dauðann og færir rök fyrir máli sínu með frásögn af heimsókn til miðils þar sem látinn bróðir hans kom fram og talaði um hluti sem ekki var nokkur leið að vita fyrir. Hvernig hlutirnir eru nákvæmlega eftir dauðann segist hann lítið hafa hugsað um.

Spurning 5. Viðmælandi A óttast ekki dauðann. Hún telur það öðruvísi þegar fólk sé orðið svo fullorðið. Trú hennar hjálpar henni hvað þetta varðar. Hún telur nauðsynlegt fyrir fólk að trúa, það hjálpi til þegar fólk stendur frammi fyrir erfiðleikum. Viðmælandi B óttast heldur ekki dauðann. Trúin er hennar styrkur. Hún trúir því að á móti henni verði tekið. Hún hefur meiri áhyggjur af eftirlifandi ættingjum sem henni finnst að þurfi á sér að halda. Hún nefnir líka fyrirgefningu Guðs. Ef menn iðrist synda sinna sé fyrirgefningin takmarkalaus. Ekki sé því ástæða fyrir fólk að óttast dauðann vegna rangrar breytni. Viðmælandi C telur trú sína hjálpa til í afstöðu sinni til dauðans. Hann óttast hann ekki. Dauðastríðið sjálft er fyrirkvíðanlegra. Dauðinn fyrir honum er liður í eðlilegu ferli að hans mati. Guð kveikti lífsneista í honum og við dauðann sameinast hann almættinu. Viðmælandi D er gæddur ákveðnu æðruleysi í sambandi við sinn eigin dauða. Eitthvað sem maður tekst á við þegar þar að kemur. Hann segist syrgja látna kunningja en hefur ekki hugsað um dauðann í tengslum við sjálfan sig. Þetta er bara eitthvað sem kemur í ljós.

Það sem draga má saman eftir viðtölin er að allir fjórir einstaklingarnir telja sig trúaða og trúin hjálpar þeim að takast á við lífið, tilveruna og dauðann. Blæbrigðamunur er á skoðunum þeirra um upprisu og eftirlíf en öll trúa þau því að eitthvað meira eigi sér stað en bara lífið hér á jörðu niðri.

### **3. Upprisa og eftirlíf í líkræðum presta.**

Hvernig fjalla prestar um upprisuna og eftirlífið í líkræðum sínum? Hvernig bera þeir þessi huggunarorð á borð fyrir syrgjandi aðstandendur? Er kirkjan sem stofnun með ákveðnar skoðanir í þessum efnum eða er þetta meira tengt prestunum sjálfum og



þeirra eigin skoðunum? Til að svara þessum spurningum skoðaði ég líkræður fjögurra presta sem uppi hafa verið á ólíkum tímum. Tveir eldri prestanna eru látnir en hjá hinum fékk ég leyfi til að nota ræður þeirra í þessum tilgangi.

Elsta ræðan er frá árinu 1922. Prestur sem er fæddur árið 1896. Verið er að jarðsyngja bónda um fimmtugt sem lætur eftir sig eiginkonu og börn. Presturinn er óragur við að takast á við form upprisunnar og eftirlífið. Lagt er út af dæmisöggunni um húsbóndann, þjóninn og talenturnar í Matt 25.14-30.

Hann segir í ræðunni: „Og nú er hann dáinn. Líkami hans hvílir hér máttlaus og kaldur í svartri kistu. Þessar starfsömu hendur sem aldrei þreyttust á að vinna þarft verk, leysast sundur og rotna, hverfa saman við duft jarðarinnar. Já, verða sjálfar að dufti. Slík eru lögmál efnisins. Lögmál sem allir verða að lúta.”

Hann segir enn fremur: „En Drottinn Kristur sem sjálfur reis upp frá dauðum, sem sagði við lærisveina sína: „Ég lifi og þér munuð lifa”, hann hefir sýnt oss dýrleg lönd handan við þessa ófullkomnu jarðartilveru, þar sem sá, sem er trúr yfir litlu, verður settur yfir mikið. Drottinn Kristur sem hallast að brjósti föðurins og gjörþekkir gæsku hans, hann hefir sannfært oss um að Guð lætur sér annt um hvert einasta barn sitt og gleymir engum, ekki heldur í dauðanum. „Ég hygg að þjáningar þessa heims séu ekkert á móti þeirri dýrð sem á oss muni opinberast” segir postuli Drottins.”

Á öðrum stað í ræðunni segir: „X stendur nú vafinn hlýjum óskum allra þeirra sem hann þekktu, á slíkri ásabrún og horfir yfir ódáiðshéruð, yfir lönd eilífðarinnar, þar sem ástvinir finnast á unaðsríkum samfundum, þar sem sorgin breytist í fögnuð, þar sem dauðinn er ekki lengur til heldur uppsvelgdur í sigur.”

Enn fremur segir í ræðunni: „Að vísu er sjóndeildarhringur vor allra takmarkaður og þröngur í andlegum skilningi. Vér sjáum skammt. Skynjum aðeins örlítið brot af gæsku Guðs og visku. Þess vegna brestur sorgin á oss svo nístandi þung og köld”.

Og á enn öðrum stað segir: „Á slíkum hljóðum stundum finnum við best hve tjaldið sem tilverurnar skilur er þunnt.”

Það er varla hægt að tala skýrar. Presturinn boðar það að maðurinn rísi upp til dýrðlegra samfunda við Drottinn sinn og látna ástvini á nýjum dásamlegum stað um leið og hann skilur eftir sig líkamann sem eyðist og sameinast dufti jarðar. Á svefninn mikla þar sem hinn látni sefur í gröf sinni uns hann verður vakinn með lúðrablæstri þegar Jesús kemur að dæma lifendur og dauða, eins og Páll postuli heldur fram í 1.

Kor, er ekki minnst einu orði en að öðru leyti er þetta í samræmi við skoðanir postulans Páls.

Næst skoðaði ég ræður prests sem fæddist 1929. Ræðan sem ég vitna í hér er frá árinu 1982. Hér er jarðsöngin kona á áttæðisaldri. Dánardægur hennar er um páska og því auðvelt fyrir prestinn að tengja andlátíð upprisunni.

Í ræðunni segir: „Lát okkur í helgidómi þínum við endurskin pásksasólar sjá þær leiðir er látinn fetar handan húmtjaldsins, sem skilur heimana. Já, efl vissu okkar um það að allt sé í þinni kærleiksríku hendi, vor vagga, braut, vor byggð og gröf, -líf okkar hér á jörðunni og sál okkar leyst úr dauðans dróma.”

Ennfremur: „Tak X í líknararma þína og þá sem hún unni í verndan þína. Og lát oss, Guð, ei gleyma – að gata sérhvers manns hún endar hjá þér heima – við hjarta kærleikans.”

Á öðrum stað segir presturinn: „Við vorum á nýliðnum páskum minnt á hin undursamlegu aldahvörf. Páskasólin ljómaði á hugarhimni milljónanna mörgu. Geislar hennar brugðu bjarma á brautina ókunnu, þeir lýstu upp leiðina út að vinargröf og léttu sporin sem oft eru þyngst og sárust. Í ljóma þeirra lítum við fyrirheit frelsarans hvert öðru fagnaðarríkara sem varða fyrir okkur leiðina frá dauðanum til lífsins. Þau veita okkur heimild til þess að taka undir gleðióðinn: „Ég veit að lausnari minn lifir” og ekki hann einn, því lærisveinum hefir hann gefið hlutdeild í sigri sínum yfir dauðanum. Því getum við í von og trú sagt er við kveðjum: „hún lifir”.”

Á enn öðrum stað: „Og við getum ekki síður verið bjartsýn þegar hugsað er til þess að leið okkar liggur einnig um dauðans dyr. Þar getum við vænst þess að eignast fegin fund með áður horfnum. Þar lítum við nýjan dag svo blíðan. Þar hvert er horfið tár, þar hvert er gróið sár. Þar mætum við uppsprettu alls kærleika, Guðs eilífu ást. Í trausti á hinn upprisna Drottinn okkar og frelsara sem leitt hefir í ljós líf og ódauðleika skulum við fylgja X hinsta spölinn hér í heimi.”

Í ræðunni er ennfremur þessi litla dæmisaga: „Aldinn læknir lág á dánarbeði. Yngri starfsbróðir hans var í heimsókn. Margt bar á góma og þar kom að talið barst að dauðanum. Daglega höfðu þeir staðið andspænis ýmsum dularrúnum hans, en nú urðu spurningarnar sérstaklega krefjandi þegar annar var herfang þessa mikla örlagavalds. Hvað tæki nú við? Sá aldni, reynsluríki, sagði með alvörubunga. Ævilangt hefi ég velt vöngum yfir því hverju ég skyldi trúa í sambandi við það sem nú er framundan. Nú hefir það lokist upp fyrir mér að öllu máli skiptir á hvern ég get sett

von mína og traust. Það vildi svo vel til að læknirinn yngri gat leyst úr þeim vanda. Hann hafði lært að treysta Jesú og aldrei orðið fyrir vonbrigðum. Hann gat minnst á frásagnirnar af páskaundrunum sem voru svo áþreifanleg að jafnvel hinn vantrúaðasti í hópi lærisveinanna lét sannfærast. Úr því efuðust þeir aldrei um svarið við spurningunni.”

Í ræðu þessa prests er áherslan sem fyrr á óbilandi trúartraust. Eins og Jesús reis upp frá dauðum, munu þeir sem trúa á hann einnig upp rísa. Ekki er komið beint inn á það hvort að um líkamlega upprisu eða andlega er að ræða en upprisan er dásamleg. Guð tekur mann í sinn faðm og á nýjum völlum hittir maður þá sem áður hafa yfirgefið hið jarðneska líf. Hér er ekki heldur, frekar en í ræðunni hér á undan, minnst á svefninn langa fram að dómsdegi sem Páll hélt fram.

Næstur í röðinni er prestur fæddur 1949. Hér kveður við dálítill annan stíl í ræðumennsku en hjá hinum tveimur prestunum hér á undan. Áherslan er á líf og starf hins látna sem er fléttað á listilegan hátt saman við spurningar um lífið og tilveruna. Ekki er komið beint inn á upprisu og eftirlíf en þó fjallað um „ljós af vita sem lýsir leið okkar heim.” Ræðan sem ég valdi til að fjalla um er frá 2011. Hér er jarðsunginn maður á nírræðisaldri.

Í ræðunni segir: „Sólir verða til og sólir deyja út. Nýlega fundu vísindamenn sól í alheiminum, sem er 10 milljón sinnum stærri en sólin okkar. Hún er svo risastór að það tæki farþegaþotu sem flygi á 900 km. hraða á klukkustund, 1100 ár að fara einn hring um sólina. Sólkerfið okkar er agnarsmátt og jörðin okkar sem sandkorn á sjávarströnd. Sólkerfi verða til og sólkerfi deyja út. Jörðin okkar er enn í mótun. Það þekkjum við sem byggjum þessa eldfjallaeyju, Ísland. Á okkar litlu jörð fæðist fólk, lifir og deyr. Skiptir það einhverju máli í öllum þessum víddum og stærðum? Er einhver merking í þessu öllu? Þegar ástvinur hverfur af þessu jarðlífi erum við knúin til að spyrja spurninga um tilgang lífsins. Eitt er víst að við erum ekki miðja alheimsins eða upphaf hans. Við erum agnarsmá en eigum þó flest með okkur einhverja vitund um að lífið sé einhvers virði, að það hafi tilgang, mark og mið, sé sprottið úr huga sem er stærri an allt annað og eigi sér öruggan stað í faðmi sem nær utan um allan alheiminn þar sem meira að segja stóra sólin sem ég nefndi áðan er eins og agnarlítill baun í hinu stóra samhengi.”

Á öðrum stað segir: „Við heilsumst og kveðjumst í lífinu. Það er lífsins saga. Nú er X farinn í sína hinstu för. Hann hefur tekið flugið. Fly me to the Moon. Við

stefnum til stjarnanna. Eitt er víst að við erum á fleygiferð í geimnum. Jörðin snýst um sjálfa sig og svo þeytist hún um á ógnarhraða umhverfis sólina ár hvert. Allt er á fljúgandi ferð. Og við erum öll á flugi, á ferð. Kannski höfum við ekkert annað en teikningu á servíettu, leiðsögn samferðamanns sem við hittum á förnum vegi og teiknaði fyrir okkur leiðina. Kirkjan leitast við að teikna þessa leið. Hún er teiknuð í skírn, fermingu, útför – í hverri messu. En svo er það vitinn sem við þurfum að finna. Vitinn sem sendir frá sér ljós eða merki sem er borið uppi af ljósi – ljósi heimsins. Við rötum heim ef við finnum vitann. „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins” sagði Jesús. En hann sagði líka þetta um fylgjendur sína, og þar með um okkur, orð sem skipta máli við endurreisn Íslands og lækningu heimsins alls: „þér eruð ljós heimsins...Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami fður yðar sem er á himnum.” Bylgjurnar sem berast um geiminn eru í eðli sínu ljós af ljósi, ljós sem unnt er að breyta í tónlist. Við erum gerð af ljósi og í okkur er tónlist, hjartans taktur og æðasláttur. Við erum ljós og tónlist, sköpuð í mynd Guðs, segir í hinni helgu bók. Við erum ljós af ljósi, ljós sem leitar ljóss, leitar vitans sem vísar veginn heim í þessum ógnarstóra alheimsgeimi.”

Fulltrúi ungu kynslóðarinnar er síðan prestur fæddur 1978. Í ræðunni sem ég valdi er verið að jarðsyngja aldraða konu árið 2011. Textinn sem lagt er út af hér er Mark 16.1-6 og því upprisan í ræðunni tengt konunum og tómu gröfinni. Hér er áherslan á vonina sem fylgir upprisunni. Vonina sem gefur okkur kraft til að takast á við lífið í gleði og sorg. Um það hvers eðlis nákvæmlega upprisan er, líkamleg eða andleg, er ekki fjallað beint og ekki heldur það hvers eðlis eftirlífið er, annað en að það er eftirsóknarvert. Þetta tvennt er sagt „manninum hulið.”

Í ræðunni segir: „Þær höfðu vitnað svo ótal margt á þeirri samfylgd (með frelsaranum) en það sem stóð þó upp úr eins og viti á eyju var kærleikurinn sem hann hafði umvafið fólkið með, bæði með orðum og gjörðum og vitnisburði um vonina sem öllum er búin er vilja við henni taka. Þær tóku við voninni konurnar en lifðu samt þá sorg að horfa á bak ástvini.”

Á öðrum stað segir: „En þegar þær koma að sjálfri gröfinni sjá þær að steininum hafði verið velt frá grafarmunnanum og þær skelfdust, fyrsta hugsun sem sló þeirra mannlega huga var að honum hefði verið rænt, hvað annað, við grípum fyrst til þess áþreifanlega, ekkert vit í öðru en samt er mannvitið aðeins fært um að greina

örlítið brot af öllu samhengi lífsins. Fæðing og dauði stýra okkur en ekki öfugt, við lútum þeim lögmálum í auðmýkt. En Kristur var ekki bara dáinn hann var upprisinn og því getum við einnig bara lotið í auðmýkt og þakkað, það er ofar okkar skilningi en samt grundvöllur hinnar kristnu vonar, upprisan, sigur lífsins yfir dauðanum, tilfinning sem við getum skynjað í hjarta okkar þegar við finnum tilgang í erfiðum aðstæðum, sú tilfinning er upprisa að rísa upp til trúar og vonar og vilja þrátt fyrir allt.”

Enn fremur segir í ræðunni: „Upprisan er veruleiki í núinu þegar líf þitt tekur stefnu til móts við nýjan dag með nýjum fyrirheitum líkt og dagurinn þegar konurnar komu að tómrri gröf, já, upprisa alls mannkyns var hvorki meira né minna en það sem þessar hugrökku konur vitnuðu, þökk sé Jesú Kristi. Skilaboðin um að við mættum lífa óttalaus af því að við verðum, aldrei yfirgefin, enginn er einn hvorki í lífi né dauða.”

Undir lok ræðunnar segir svo: „En X átti aðra ferð fyrir höndum, þá ferð sem okkur öllum er búin, til móts við frelsara okkar Jesú Krist, þar sem samlíðan og umhyggja ráða för, þar sem páska sólin skín hverja stund, þar sem vonin er veruleiki andartaksins.”

Það vekur athygli að elsti og yngsti presturinn notast við ritningartexta við að semja líkræður sínar. Líf hins látna heimfæra þeir síðan upp á ritningartextana. Hinir tveir virðast ekki gera það, heldur fjalla um hinn látna meira út frá lífi hans og tilveru almennt. Elsti presturinn er afdráttarlausastur í skoðunum sínum á upprisu og eftirlífi. Hann útskýrir nákvæmlega hvað felst í þessum hlutum og notar það til huggunar. Næsti prestur notar upprisuna og eftirlífið í sama tilgangi, þó ekki sé hann jafn afdráttarlaus í lýsingum sínum á því sem gerist nákvæmlega við andlátíð. Það sama má segja um yngri prestana tvo. Upprisan og eftirlífið eru staðreyndir sem notaðar eru til huggunar en lítið er fjallað um hvers eðlis hlutirnir nákvæmlega eru og jafnvel talað um að hlutirnir séu manningum huldur. Misjafnt virðist hve mikið þeir fjalla um upprisuna í líkræðum sínum og vægið er meira hjá eldri prestunum tveimur. Hvort þetta er lýsandi fyrir þróun innan kirkjunnar eða hreinlega tilviljanakennt er erfitt að segja til um en gaman væri að skoða þessa hluti nánar síðar.

Þess má geta hér að ég skoðaði fjórar ræður eftir hvern prest, nema þann elsta. Eftir hann hafði ég einungis aðgang að einni ræðu. Ræðurnar eftir hina prestana þrjá voru valdar sérstaklega, þar sem af fjórum ræðum hvers prests fannst mér fjallað mest

um upprisu og eftirlíf í þessum tilteknu ræðum. Enginn af prestunum fjórum minnst einu orði á svefninn og dómsdaginn eins og Páll postuli gerir í 1. Kor.

#### **4. Sálgæsla í tengslum við aldraða.**

##### **4.a) Trúarlíf aldraða.**

James Fowler kom árið 1981 fram með kenningar um mismunandi þroskastig trúarlífsins. Þessar kenningar sínar byggði hann á líkönum Ericson, Piaget og Kohlberg sem áður höfðu fjallað um mismunandi persónuþroskastig einstaklingsins. Ekkert var því til fyrirstöðu að hans mati að trúin gæti þroskast og tekið breytingum á sama hátt í gegnum lífið.<sup>45</sup>

Líkani sínu skipti hann niður í sex flokka eftir aldri og þroska. Flokkur eitt nær yfir aldursbilið 2-7 ára.<sup>46</sup> Flokkur tvö yfir aldursbilið 7-12 ára en á þeim árum eru skoðanir barna undir áhrifum frá ytra umhverfi eins og skoðunum fjölskyldu. Flokkur þrjú einkennist síðan af því að ungt fólk fer að móta sér sínar eigin skoðanir óháð fjölskyldu. Það er nokkuð algengt að trúarlíf fólks þroskist ekki umfram þetta þriðja stig.<sup>47</sup> Flokkur fjögur einkennist af því að breyting verður á trúarlífi vegna utanaðkomandi aðstæðna. Ekki er lengur fyrir að fara því öryggi sem trúin hefur hingað til veitt einstaklingnum. Þetta getur orsakast af erfiðleikum sem hann stendur skyndilega frammi fyrir í lífinu eins og hjónaskilnaði, heilsubresti eða öðrum breytingum á daglegu lífi. Flokkur fimm einkennist svo af dýpri skilningi og sátt og flokkur sex er loks fullnaðarstigið þar sem einstaklingurinn er tilbúinn til að fórna sjálfum sér fyrir málstaðinn. Það eru aðeins örfáir sem ná þessu efsta stigi eins og Martin Luther King, Gandhi og móðir Theresa svo einhver dæmi séu tekin.<sup>48</sup>

Ein af ástæðum þess að fólk óttast elliárin er tilgangssleysið. Í þjóðfélagi okkar í dag hafa aldraðir engu hlutverki að gegna. Þetta er tiltölulega nýtt fyrirbæri.<sup>49</sup> Á árum áður gegndu aldraðir hlutverki fræðara í fleiri en einum skilningi og sóst var eftir þekkingu þeirra og reynslu og þeim var sýnd virðing. Með aukinni tækni, og framboði á efni sem henni fylgir, hafa hlutirnir hins vegar breyst og aldraðir hafa í

---

<sup>45</sup> Koenig, *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years* 1994, s. 87.

<sup>46</sup> Koenig, 1994, s. 90.

<sup>47</sup> Koenig, 1994, s. 91.

<sup>48</sup> Koenig, 1994, s. 92.

<sup>49</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 21.

auknum mæli einangrast. Litið er svo á að hlutverki þeirra sé lokið, þeir eiga að setjast í helgan stein og í verstu tilfellunum er þeim hreinlega ýtt til hliðar og skoðanir þeirra álitnar úreltar. Þeir standa því frammi fyrir því að þurfa að finna sér tilgang í lífinu.<sup>50</sup>

Flestar kannanir sem gerðar hafa verið sýna fram á að trú gegnir þarna veigamiklu hlutverki. Jafnvel þeir sem ekki eru lengur færir um að sækja sína eigin kirkju geta hlustað á útvarp og sjónvarp og mætt þannig trúarlegri þörf sinni. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna fram á að trúaðir einstaklingar lifa gjarnan sjó árum lengur en þeir sem ekki trúa sem að einhverju leyti má skrifa á heilbrigðan lífstíl eins og minni tóbaksnotkun og áfengisdrykkju.<sup>51</sup>

Könnun sem var gerð við undirbúning ráðstefnu um öldrun á vegum Hvíta hússins í USA sýndi einnig fram á að trú fólks breytist með aldrinum. Í könnuninni kom fram að 86% höfðu aðrar hugmyndir um Guð en þegar þeir voru börn og 74% fundu fyrir meiri nálægð við Guð. 61% lögðu meiri rækt við bænalífið á meðan að 59% töluðu um að trúin skipti meira máli í daglegu lífi þeirra og 61% upplifðu meiri og dýpri helgi við trúariðkun sína.<sup>52</sup> Aldraðir á sjúkrastofnunum töluðu í yfirgnæfandi meirihluta um að trú þeirra hafi skipt meira máli eftir að þeir eltust og heilsan versnaði. Einungis 5% töluðu um að hún hafi minnkað. Fræðimenn hafa því komist að þeirri niðurstöðu að við það að eldast aukist áhugi manna á trúarlegum málefnum.<sup>53</sup>

Trúaðir einstaklingar virðast síður líklegir til að fyllast þunglyndi þegar þeir standa frammi fyrir erfiðleikum í lífinu eins og líkamlegum veikindum og breytingu á sínum högum. Sækja þeir þá styrk í bænina.<sup>54</sup> Þó að slík straumhvörf geti að sjálfsögðu átt sér stað hvenær sem er í lífi hvers manns eru líkurnar á svo afgerandi breytingum á högum manna meiri þegar komið er á ákveðinn aldur og valda gjarnan frekar ótta hjá viðkomandi sem finnst hann síður í stakk búinn til að mæta slíkum breytingum.<sup>55</sup> Einnig sýna kannanir fram á að óttinn við dauðann gerir í minna magni

---

<sup>50</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 22.

<sup>51</sup> Moberg, 2001, s. 59.

<sup>52</sup> Moberg, 2001, s. 60.

<sup>53</sup> Moberg, 2001, s. 61.

<sup>54</sup> Moberg, 2001, s. 64.

<sup>55</sup> Koenig, *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years* 1994, s. 425.

vart við sig hjá einstaklingum sem eru trúaðir en þeim sem ekki trúa.<sup>56</sup> Trúin gefur lífi þeirra tilgang, fullvissu um að hver einstaklingur skiptir máli og að öllum standi til boða upprisa og eilíft líf.<sup>57</sup>

Þetta samræmist niðurstöðu minni úr viðtölunum mínum. Viðmælendur mínir voru sammála um að trúin skipti þá máli og hjálpaði þeim við að setta sig við dauðann. Einnig viðurkenndu þeir að þeim fyndist þeir meira leita í trúna eftir því sem aldurinn færðist yfir, þó enn byggðu þau flest á sinni barnatrú.

Þessi aukna trúarþörf með aldrinum, virðist þó einungis eiga við hjá þeim sem hafa einhvern trúarlegan bakgrunn. Þeir sem ekki hafa verið trúaðir fyrir, mælast ekki með breytingar á sínum högum hvað þetta varðar.<sup>58</sup>

#### **4.b) Viðhorf til dauðans.**

Spurningar tengdar dauðanum eru hluti af mannlegri tilveru. Sennilega eru þetta mikilvægustu spurningar sem hægt er að spyrja sjálfan sig og því miður er oft fátt um svör. Leyndarhjúpur sveipar málefnið og ekkert í hendi sem raunvísindin geta lagt til málanna.<sup>59</sup>

Það sem kristin trú hefur til málanna að leggja er að Guð upplifði dauðann sjálfur. Hann gaf son sinn Jesú Krist til að hann mætti frelsa mannkynið frá syndum og um leið upplifði hann sjálfur sorgina sem við finnum fyrir við andlát okkar eigin ástvina. Hann skilur því tilfinningar þeirra sem um sárt eiga að binda. Jesús Kristur frá Nasaret dó líkamlegum dauða og á dauðastundu ákallaði hann föður sinn.<sup>60</sup> Lærisveinar hans urðu óhuggandi og flýðu í ofboði. Meira að segja þessir menn sem höfðu verið með Jesú frá upphafi brugðust þannig við og því er ekki nema eðlilegt að hinn venjulegi maður eigi erfitt með að mæta dauðanum.<sup>61</sup> Það sem var hins vegar svo merkilegt var að Jesús reis upp frá dauðum til samneytist við föður sinn á himnum. Lærisveinarnir urðu vitni að upprisunni sem gerði þeim kleift að sjá handan krossins og að dauðinn var leiðin til eilífs lífs. Kristnir menn geta dáið í Kristi og

---

<sup>56</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 66.

<sup>57</sup> Moberg, 2001, s. 96.

<sup>58</sup> Koenig, *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years* 1994, s. 430.

<sup>59</sup> Doka and Morgan, *Death and Spirituality* 1993, s. 48.

<sup>60</sup> Doka and Morgan, 1993, s. 35.

<sup>61</sup> Doka and Morgan, 1993, s. 36.



risið upp í Kristi. Dauðinn er ekki tómið eitt, heldur ferðalag í gegnum huliðstjald til hins allra helgasta, til Guðs, og þetta er mögulegt af því að Jesús leysti sjálfur huliðstjaldið í sundur fyrir okkur.<sup>62</sup>

Já, dauðinn er jafn stór hluti af mannlegri tilveru og fæðingin sjálf.<sup>63</sup> Hér á árum áður var dauðinn daglegt brauð og allsstaðar nálægur í lífi hverrar fjölskyldu. Á þessu urðu breytingar í kringum 1930-1950. Fram að þeim tíma dó fólk heima og vökur og húskveðjur voru haldnar á heimilunum. Nú fór fólk að kveðja þennan jarðneska heim á sjúkrahúsum oft án þess að fjölskylda og vinir væru nærstaddir.<sup>64</sup> Dauðinn hætti að vera daglegt brauð sem fólk upplifði inni á heimilum sínum sem hluta af lífinu og óttaðist því síður og fór að verða viðburður sem ástæða var til að óttast, jafnvel svo að ekki mátti á hann minnast.<sup>65</sup> Dauðinn varð meira feimnismál og minna ræddur sem kom sér sérstaklega illa fyrir gamalt fólk sem oft er í þörf fyrir að ræða dauðann.<sup>66</sup>

Flestir aldraðir einstaklingar viðurkenna að dauðinn er nálægur í lífi þeirra. Það er viðurkennt af fræðimönnum að aldraðir hljóti að hugsa meira um dauðann en nokkur annar aldurshópur.<sup>67</sup> Erfitt hefur verið að kortleggja hvort aldraðir almennt óttast dauðann í minna mæli en aðrir aldurshópar. Þó menn segist ekki óttast dauðann getur búið að baki allt önnur staðreynd. Talið er að um 50-75% af öldruðum óttist dauðann. Algengt er sömuleiðis að einstaklingar svari því til að þeir óttist dauðastríðið fremur en dauðann sjálfan. Óttist sársauka og þá niðurlægingu sem er fólgin í því að verða öðrum háðir með allt. Það virðist þó veita einstaklingnum huggun að hafa ákveðnar skoðanir á því hvað tekur við eftir andlátinu og þarna kemur trúin sterk inn.<sup>68</sup>

Margir aldraðir fyllast vonleysi yfir aðstæðum sínum. Þeir glíma við missi látinna vina og ættingja, þurfa að takast á við tómleikann sem myndast við það að hætta að vinna og þurfa að berjast við að fylla líf sitt nýjum tilgangi um leið og þeir

---

<sup>62</sup> Doka and Morgan, *Death and Spirituality* 1993, s. 38.

<sup>63</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 71.

<sup>64</sup> Moberg, 2001, s. 72.

<sup>65</sup> Ariés, *Western attitudes toward DEATH; from the middle ages to the present* 1975, s. 13.

<sup>66</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 72.

<sup>67</sup> Moberg, 2001, s. 73.

<sup>68</sup> Moberg, 2001, s. 74.

finna fyrir minnkandi þreki. Þetta bætist svo allt við hugsanir um sinn eiginn dauða sem stöðugt færist nær.<sup>69</sup> Það gerir gæfumuninn hvernig á þessum hlutum er tekið þegar kemur að því að eiga áhyggjulaust ævikvöld. Til að viðhalda virðingu sinni og sjálfsmynd verða aldraðir að geta treyst því að aðrir styðji við bakið á þeim.<sup>70</sup>

Helga Hansdóttir, yfirlæknir á almennum öldrunarlækningadeildum LSH Landakoti og Sigríður Halldórsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við HA gerðu rannsókn á viðhorfum aldraðra til lífs og dauða og meðferðar við lífslok. Rætt var við átta einstaklinga á aldrinum 72-91 árs, tvo karla og sex konur. Þrír voru í hjónabandi, fjórir ekkjar/ekkjur og einn var einhleypur. Niðurstöðurnar birtu þær í Læknablaðinu 2005 árið 2005.<sup>71</sup> Á meðal þess sem þær komust að með þessum viðtölum var að aldraðir eru í flestum tilfellum tilbúnir til að ræða meðferðir við lífslok. Um 25% vilja ekki endurlífsgun þó líkur á að lifa við óbreytta heilsu væru góðar og voru konur þar í meirihluta. Það sem spilaði inn í við slíka ákvarðanatöku voru lífsviðhorf eins og trú, fjölskylda, samfélagslegir þættir, ótti við sársauka og þar fram eftir götunum. Viðkomandi aðilar voru sammála um að það væri ástæða til að skoða það að hafna endurlífsgun þegar útséð væri með að menn gætu bjargað sér sjálfir.

Þegar kom að viðhorfum þeirra til lífsins sögðust þau trúuð. Þau sögðust trúá almættið og að fyrir öllu væri séð. Lífslöngunin er sterk og óháð aldri. Lífið er dásamlegt ef heilsuleysi er ekki að hrjá fólk og jafnvel við heilsubresti heldur fók í lífsneistann.

Um viðhorf sín til dauðans sögðust þau vera sátt, kominn á þennan aldur, þó þau hlakki ekki til dauðans. Þau segja þetta hluta af lífinu og þegar maður sé trúaður sé þetta öðruvísi. Von um endurfundi við látna aðstandendur er sterk. Einlæg ósk kom fram um það að fá að deyja í svefni. Langt dauðastríð og að verða ósjálfbjarga og öðrum byrði er fyrirkvíðanlegt í hugum fólks.

Svo langt sem viðtölin mín í kafla þrjú náðu, þ.e. spurningarnar sem fjölluðu um trú og viðhorf manna til dauðans, voru niðurstöður mínar mjög í takt við niðurstöður þessarar rannsóknar þeirra Helgu og Sigríðar.

---

<sup>69</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 75.

<sup>70</sup> Moberg, 2001, s. 76.

<sup>71</sup> Helga Hansdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, *Samtöl um dauðann; Fyrirbærafræðileg rannsókn á viðhorfum aldraðra til lífs og dauða og meðferð við lífslok* 2005, s. 517-532.

#### 4.c) Sál gæsla við aldraða.

Upp úr 1970 fór heilbrigðisstarfsfólk að gera sér aukna grein fyrir því að ekki væri nóg að leggja áherslu á líkamlega þáttinn við umönnun sjúkra og aldraðra. Andlegi þátturinn skiptir ekki síður máli til að einstaklingnum geti liðið eins vel og kostur er á. Inn í þetta spila m.a. trúarlegir og samfélagslegir þættir.<sup>72</sup>

Fræðimenn hafa sýnt fram á það með rannsóknum að trúarleg lífsviðhorf hafa jákvæð áhrif á líðan sjúklinga og gera þeim betur kleyft að takast á við þá erfiðleika sem fylgja sjúkdómum og yfirvofandi andláti.<sup>73</sup> Missir af ýmsu tagi fylgir öldrun s.s. andlát vina og fjölskyldumeðlima. Við þetta fækkar í tengslanetinu í viðbót við sorgina sem fylgir því að einhver kveður. Að setjast í helgan stein og hætta að vinna hefur í för með sér missi á persónulegu hlutverki í lífinu og að auki getur bæst við vaxandi heilsuleysi og óttinn við að verða ekki lengur fær um að sjá um sig sjálfur og verða öðrum háður með allt. Þetta getur kallað á að sjálfsmat einstaklingsins minnkar, honum finnst hann minna elskaður og meira afskiptur. Þessu getur fylgt þunglyndi og kvíði.<sup>74</sup> Dauðinn verður nálægari með aldrinum og erfiðara verður fyrir fólk að afneita honum. Hinn aldraði einstaklingur neyðist til að horfast í augu við tilgang lífsins og dauðann á annan hátt en ungt og heilsuhraust fólk gerir og margir hræðast dauðann.<sup>75</sup>

Fræðimaðurinn Koenig skoðaði árið 1997 mismunandi kannanir sem gerðar höfðu verið á langt leiddum sjúklingum á sjúkrastofnunum til að komast að því hversu mikið vægi trúarlífið hefði í viðleitni þeirra til að komast af. Niðurstaða hans var að fjórir af hverjum tíu sjúklinganna sögðu trúna vera aðalþáttinn í þessu sambandi.<sup>76</sup> Að auki er sannreynt að trúaðir einstaklingar eru síður líklegir til að þurfa meðhöndlun í tengslum við þunglyndi, kvíða og áfengismisnotkun. Trúin hjálpar öldruðum að finna lífi sínu tilgang og gerir fólk betur í stakk búið til að takast á við önnur vandamál sem fylgja öldrun. Kirkjusókn veitir til að mynda einstaklingnum

---

<sup>72</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 101.

<sup>73</sup> Moberg, 2001, s. 102.

<sup>74</sup> Moberg, 2001, s. 126.

<sup>75</sup> Koenig, *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years* 1994, s. 442.

<sup>76</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 102.

aukið sjálfstraust, svarar trúarþörf hans og er mikilvægur félagslegur þáttur. Viðkomandi finnur sig sem hluta af söfnuðinum og einangrast því síður.<sup>77</sup>

Það er mikilvægt fyrir hinn aldraða einstakling að geta treyst því að lífinu lýkur ekki við dauðann, heldur tekur við nýtt og betra líf hinum megin.<sup>78</sup> Ritningin segir að hann eða hún verði ekki ein á dauðastundu. Guð mun hjálpa þeim yfir þröskuldinn. Þetta er loforð sem einungis trúin getur veitt. Breytingar verða vissulega en þær eru til góðs.<sup>79</sup> Þessi fullvissa um eftirlíf hjálpar fólki að taka með jafnaðargeði erfiðleikum sem það stendur frammi fyrir í lífinu hér og nú.<sup>80</sup> Fyrir hinn trúaða einstakling virðist lítil ástæða til að hræðast dauðann. Í sumum tilfellum getur hreinlega verið um tilhlökkun að ræða ef litið er til endurfunda við látna ástvini eins og maka og börn.<sup>81</sup> Svo mikilvæg er kenningin um upprisu og eftirlíf í lífi hvers kristins manns að Páll postuli gerir hana að grundvallarkenningu kristinnar trúar í 1. Kor 15.13-19.<sup>82</sup> Fullvissan um upprisu og eftirlíf hjálpar um leið eftirlifandi aðstandendum að takast á við missinn. Hinn látni er í öruggum höndum og því fæst ákveðið frelsi til að takast á við og einbeita sér að eigin lífi.<sup>83</sup> Aðalþáttur útfararinnar er vonin sem trúin boðar mitt í sorginni allri. Skilaboðin sem kristin trú veitir eru þau að í sorginni felst von og í dauðanum felst upprisan.<sup>84</sup>

Sálgæsla felst m.a. í því að slást í hópinn og taka þátt í þeirri för sem viðkomandi er í. Mæta honum á hans eigin forsendum. Taka verður tillit til trúarskoðana einstaklingsins og gæta þess að hampa ekki sínum eigin skoðunum um of.<sup>85</sup> Tilgangurinn er ekki sá að fá sjúklinginn til að hugsa eins og við heldur dýpka hans eigin hugsanir og skilning.<sup>86</sup> Því viðkvæmari sem sjúklingurinn og fjölskylda hans er, því meiri þörf á sálgæslu. Það að hlusta af athygli á tilfinningar viðkomandi, ræða við hann um trúarlegar skoðanir hans, viðhorf hans til lífsins og samband hans

---

<sup>77</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 103.

<sup>78</sup> Koenig, *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years* 1994, s. 293.

<sup>79</sup> Koenig, 1994, s. 446.

<sup>80</sup> Koenig, 1994, s. 357.

<sup>81</sup> Koenig, 1994, s. 450.

<sup>82</sup> Koenig, 1994, s. 456.

<sup>83</sup> Doka and Morgan, *Death and Spirituality* 1993, s. 190.

<sup>84</sup> Doka and Morgan, 1993, s. 251.

<sup>85</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 107.

<sup>86</sup> Doka and Morgan, *Death and Spirituality* 1993, s. 137.

við nákomna aðstandendur er liður í sálsgæslu. Bænin getur komið þarna sterk inn. Að vera nálægur, snerting, veita uppbyggjandi athygli og hlustun eru allt þættir sem skipta þarna máli.<sup>87</sup>

Fyrsta líknardeildin var stofnuð í London eftir seinni heimstyrjöld af Dame Cicely Saunders og fyrsta líknardeildin í Bandaríkjunum var stofnuð 1975. Nú eru líknardeildir starfræktar víða um heim m.a. hér á landi. Hugmyndafræði þessara deilda er sú að einstaklingurinn og fjölskylda hans skipti máli þar til yfir lýkur og starfsfólkið gerir allt, ekki einungis til að aðstoða sjúklinginn við friðsælt andlát, heldur einnig til að gera honum kleyft að lifa lífinu til fulls eins og hægt er fram í andlátíð. Ennfremur er lögð áhersla á stuðning við eftirlifandi aðstandendur. Þetta voru ný vísindi þar sem dauðinn og aðdragandi hans voru hálfgerð tabú í þjóðfélaginu á þessum tíma. Á líknardeildum er sinnt jafnfætis líkamlegum, andlegum og trúarlegum þörfum einstaklingsins.<sup>88</sup> Með tilkomu þessarar hugmyndafræði varð mikil breyting á til batnaðar þegar kom að umönnun aldraðra og deyjandi sjúklinga.

Í dásamlegri lítilli bók sem nefnist *Midwife for Souls* er fjallað um dauðann. Bókina skrifar Kathy Kalina, hjúkrunarfræðingur, sem starfað hefur lengi á líknardeild. Kalina er mjög trúuð kona og deilir hér reynslu sinni af vinnu með dauðvona sjúklingum. Hún efast ekki um að upprisa og eftirlíf er til. Í bókinni líkir hún starfi sínu við starf ljósmóður. Á meðan ljósmóðirin hjálpar nýjum einstaklingi inn í þetta líf, hjálpar Kalina sálum yfir í hið eilífa.<sup>89</sup> Bókin er ljóðræn og falleg og lætur engan ósnortinn. Hún er skrifuð fyrir fólk sem starfar á líknardeildum en er í raun svo miklu meira. Hún höfðar jafnt til fjölskyldna, vina og starfsfólks líknardeilda sem hefur með umönnun dauðvona sjúklinga að gera og lýsir því hvað gerist þegar sjúklingurinn nálgast endalokin, þegar lífið smám saman fjarar út og dauðinn leysir sálina úr læðingi, svo hún geti haldið til móts við Guð. Þessi andartök eru oft erfið fyrir aðstandendur sem sitja við sjúkrarúm ástvinar og horfa hjálparvana á og vita ekki hvað á að gera eða segja.<sup>90</sup> Kalina segist hafa séð sjúklinga sem við andlátíð sáu engla og látna ástvini fyrir handan. Hún segist ennfremur hafa séð

---

<sup>87</sup> Moberg, *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy* 2001, s. 107.

<sup>88</sup> Moberg, 2001, s. 115.

<sup>89</sup> Kalina, *Midwife for Souls* 2007, s. x.

<sup>90</sup> Kalina, 2007, s. ix.

sjúklinga deyja með ánægjusvip á andlitinu, eins og þeir sæju eitthvað verulega fallegt á dauðastundu.<sup>91</sup>

**„En þegar það gerist og hið forgengilega breytist og verður ódauðlegt, þá rætist það sem ritað er:**

**Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.**

**Dauði, hvar er sigur þinn?**

**Dauði, hvar er broddur þinn?”<sup>92</sup>**

**(1.Kor 15:54-55)**

---

<sup>91</sup> Kalina, *Midwife for Souls* 2007, s. 23.

<sup>92</sup> Biblían 2007, s. 221.

## Niðurstaða/Lokaorð.

Niðurstaða mín eftir vinnuna við ritgerðina er sú að trúarleg lífsviðhorf hjálpa öldruðum að sætta sig við aðstæður sínar. Allar rannsóknir benda til þess að trúaðir einstaklingar eigi auðveldara með að njóta ævikvöldsins. Bæði eru áhyggjurnar minni ef allt traust er lagt á Drottinn Guð og eins er fullvissan um upprisu og líf eftir dauðan til þess fallin að minnka óttann um afdrif sín og annarra. Jafnvel getur tilhugsunin um samfundi við látna ástvini skapað tilhlökkun og gert líkamlegar þjáningar þar með auðveldari. Þetta staðfestu einnig viðtölin mín við öldruðu einstaklingana mína fjóra.

Mikilvægi trúarlegrar sálgæslu er því mikið og grundvallaratriði að hún sé veitt þeim sem á þurfa að halda. Bæði þarf kirkjan að gæta þess að boðskapurinn um upprisu og eftirlíf nái eyrum fólks við athafnir jafnt sem í sálgæsluviðtölum og huga þarf vel að einstaklingnum hvort sem hann er fær um að sækja kirkju, er bundinn heima við eða dvelur á stofnun. Orðið þarf að komast til einstaklingsins hverjar svo sem aðstæður hans eru. Hér eru tækifærin óþrjótandi.

Kirkjunnar þjónar þurfa að vera óhræddir við að skilgreina það hvað í upprisunni og eftirlífinu felst. Stefna kirkjunnar í þessum málum er, samkvæmt líkræðunum sem ég skoðaði, andleg upprisa sem á sér stað strax eftir dauðann. Eftirlífið er á yndislegum stað þar sem áður látnir ástvinir taka á móti manni og faðmur Guðs er öllum opinn. Samkvæmt viðtölunum mínum við öldruðu einstaklingana og einnig samræðum mínum við annað fólk sem ég hef átt meðan á vinnunni við ritgerðina stóð er þetta skoðun flestra. Lestur Nýja-testamentisins til að komast að nákvæmri niðurstöðu um hvað það er sem gerist við andlát er hins vegar misvísandi. Mismunur er á skoðunum guðspjallanna annars vegar og Páls postula hins vegar um það hvort upprisan er andleg eða líkamleg. Kirkjufeðurnir áttu þess vegna í vandræðum með að túlkanir sínar. Svefninn fram að dómsdegi veldur einnig heilabrotum. Svo virðist sem kirkjan boði hann alls ekki og spurning hvort hann hreinlega er ekki óþægilegur fyrir fólk og einungis til þess fallinn að skapa ótta.

Sennilega fáum við ekki endanlegar skýringar fyrr en við stöndum sjálf frammi fyrir hlutunum en þangað til hjálpar það okkur að trúa á upprisu og eftirlíf.

## Heimildaskrá.

Ariés, Philippe, 1975: *Western Attitudes toward DEATH; From the Middle Ages to the Present*. Baltimore, Maryland: The Johns Hopkins University Press.

*Biblían, Heilög Ritning*, 2007: Reykjavík: JPV útgáfa.

Bremmer, Jan, 1987: *The Early Greek Concept of the Soul*. Princeton, New Jersey: Princeton University Press.

Doka, Kenneth J. with Morgan, John D., (ritstj.), 1993: *Death and Spirituality*. New York: Baywood Publishing Company, Inc.

Garland, Robert, 1985: *The Greek Way of Death*. New York: Cornell University Press.

*Handbók Íslensku kirkjunnar*, 1981: Reykjavík: Offsetmyndir.

Haraldur Níelsson, 1999: *Það er yfir oss vakað*. Pétur Pétursson (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helga Hansdóttir og Sigríður Halldórsdóttir 2005: „Samtöl um dauðann; Fyrirbærafraeðileg rannsókn á viðhorfum aldraðra til lífs og dauða og meðferð við lífslok.“ *Læknablaðið* 91/2005. Reykjavík. S. 517-532.

Horsley, Richard A., (ritstj.), 2005: *Christian Origins; A People's History of Christianity*. Minneapolis: Fortress Press.

Kalina, Kathy, 2007: *Midwife for Souls*. Boston: Pauline Books & Media.

Koenig, Harold G., 1994: *Aging and God; Spiritual Pathways to Mental Health in Midlife and Later Years*. New York: The Haworth Pastoral Press.

Koester, Helmut, 2000: *History and Literature of Early Christianity*, 2. útg. New York: Walter De Gruyter.

Moberg, David O., (ritstj.), 2001: *Aging and Spirituality; Spiritual Dimensions of Aging Theory, Research, Practice, and Policy*. New York: The Haworth Pastoral Press.

Segal, Alan F., 2004: *Life After Death; A History of the Afterlife in the Religions of the West*. New York: Doubleday a division of Random House, Inc.



Thiselton, Anthony C., 2000: *The First Epistle to the Corinthians; A Commentary on the Greek Text*. Michigan, Cambridge: William B. Eerdmans Publishing Company.